

## 2003 nr. 61 27. mars

### Hafnalög

**Tóku gildi 1. júlí 2003.** *Breytt með l. 11/2006 (tóku gildi 28. mars 2006), l. 28/2007 (tóku gildi 29. mars 2007), l. 145/2007 (tóku gildi 29. des. 2007), l. 88/2010 (tóku gildi 2. júlí 2010), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 59/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013), l. 60/2014 (tóku gildi 31. des. 2014; EES-samningurinn: XIII. viðauki tilskipun 2000/59/EU) og l. 119/2014 (tóku gildi 16. des. 2014).*

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfrasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **inmanríksráðherra** eða **inmanríksráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### I. kaffi. Almenn ákvæði.

##### ■ 1. gr. Gildissvið.

□ Lög þessi taka til allra hafna sem notaðar eru til afgreiðslu og þjónustu skipa, afgreiðslu á vörum, ökutækjum og farþegum og við löndun á fiski.

##### ■ 2. gr. Yfirstjórni.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með yfirstjórni hafnamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. [Samgöngustofa og Vegagerðin]<sup>2)</sup> annast þátt ríksins samkvæmt lögnum og [hafa]<sup>2)</sup> eftirlit með framkvæmd þeirra.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 367. gr. <sup>2)</sup> L. 59/2013, 25. gr.

##### ■ 3. gr. Orðskýringar.

1. *Höfn* táknað í lögum þessum svæði á landi og sjó með mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa, losunar oglestunar þeirra, geymslu vörur, móttöku og afgreiðslu þessarar vörur til áframhaldandi sjó- eða landflutninga og til móttöku og brottfarar farþega.

2. *Hafnarmannvirki* eru í lögum þessum varnagarðar, viðlegumannvirki og innsiglingar, leiðarmerki og skipalægi.

3. *Skjólgardar* eru í lögum þessum varnarmannvirki sem ætlað er að veita viðlegumannvirkjum og innsiglingum skjól fyrir oldum, straumum og sandburði.

4. *Viðlegumannvirki* eru í lögum þessum bryggjur og önnur mannvirki innan hafnar sem ætluð eru til viðlegu fyrir fljótandi för.

5. *Rekstur hafnar* í lögum þessum táknað að byggja, reka, viðhalda og endurnýja hafnarmannvirki sem og rekstur hafntengdrar atvinnuaðstöðu, þ.e. leigu á landi, vöruhúsum, tækjum og þess háttar, upptökumannvirkjum hvers konar í því skyni að þjóna skipum eða fyrirtækjum á hafnarsvæðum sem sinna þjónustu við skip, farþega og farm, og jafnframt rekstur hafntengdrar þjónustu, þ.e. hafnsöguþjónustu, festarpjónustu, vigtarpjónustu, sorphirðu, sölu vatns og rafmagns og sambærilega þjónustu er lýtur að skipum. Undir rekstur hafna fellur einnig rekstur vöruhúsa og þjónustumiðstöðva á hafnarsvæðum.

6. *Hafnarstjórni* merkir í lögum þessum að sveitarfélög eða aðrir eigendur hafnar kjósi sérstaka hafnarstjórni og feli henni stjórnunarlega ábyrgð á höfninni.

7. *Málflokcur* merkir í lögum þessum afmarkaða rekstrariningu í bókhaldi sveitarfélags þar sem tekjum og gjöldum er haldið aðskildum frá öðrum rekstri þess.

8. *Skipaafgrep* er í lögum þessum höfn eða hluti hafnar eða öruggt skipalægi eða akkerislægi eða annað skýlt svæði sem Samgöngustofa útnefnir til að taka á móti nauðstöddum skipum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2014, 1. gr.

##### ■ 4. gr. Hafnarreglugerð.

□ Öllum höfnum sem falla undir lög þessi skv. 1. gr. skal sett reglugerð<sup>1)</sup> er tilgreinir mörk hafnar auk annarra nauðsynlegra ákvæða er varða öryggi og stjórnun hennar. Ráðherra

setur samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum eigenda hafna og umsögn [Samgöngustofu og Vegagerðarinnar],<sup>2)</sup> reglugerð fyrir hverja höfn. Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Starfsheimildir, starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
3. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
4. Viðurlög við brotum.
5. Kosningu og starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

□ [Samgöngustofa]<sup>2)</sup> hefur eftirlit með því að höfn uppfylli skyldur sínar samkvæmt hafnarreglugerð.

<sup>1)</sup> Um reglugerðir settar samkvæmt heimild í eldri hafnalögum vísast til Lagasafns 1990, d. 1911. Rg. 380/1985 (Seyðisfjörður), sbr. 729/2002. Rg. 463/1991 (Búardalur). Rg. 287/2005 (Hafnasamlag Norðurlands), sbr. 1183/2006 og 201/2010. Rg. 290/2005 (Þorlákshöfn), sbr. 1182/2006 og 438/2014. Rg. 292/2005 (Djúpivogur). Rg. 294/2005 (Grindavík). Rg. 295/2005 (Borgarfjörður). Rg. 425/2005 (Hafnarfjörður Skagafjörðar). Rg. 583/2005 (Breiddalsvík). Rg. 584/2005 (Hornafjörður). Rg. 633/2005 (Stykkishólmur). Rg. 713/2005 (Bakkafjörður). Rg. 788/2005 (Súðavík). Rg. 981/2005 (Vopnafjörður). Rg. 982/2005 (Reykjanes). Rg. 983/2005 (Köpavogur). Rg. 989/2005 (Vesturbayggð). Rg. 1190/2005 (Ísafjardarbær). Rg. 1191/2005 (Þórhilfjörður). Rg. 34/2006 (Skagaströnd). Rg. 275/2006 (Seyðisfjörður), sbr. 499/2007. Rg. 308/2006 (Vogar í Vatnsleysusstrandarhreppi). Rg. 498/2007 (Blönduós). Rg. 882/2007 (Grundarfjörður). Rg. 908/2007 (Litli-Sandur, Hvalfjardarsveit). Rg. 244/2008 (Dalvik). Rg. 1111/2008 (Miðsandur Hvalfjardarsveit). Rg. 512/2009 (Fjallabyggð). Rg. 798/2009 (Faxaflóahafnir sf.). Rg. 978/2009 (Fjordabyggð). Rg. 408/2010 (Fjallabyggðarhafnir). Rg. 590/2010 (Landeyjahöfn). Rg. 775/2010 (Tálknafjörður). Rg. 177/2011 (Nordurþing). Rg. 855/2011 (Hólmavík). Rg. 423/2012 (Hafnarfjörður). Rg. 1030/2012 (Vestmannaeyjar). Rg. 828/2013 (Hvammstangi). Rg. 348/2014 (Flatey á Skjálfandaflóa). Rg. 638/2014 (Sandgerði). <sup>2)</sup> L. 59/2013, 25. gr.

#### II. kaffi. Skipulag hafnarsvæða og hafnarmannvirki.

##### ■ 5. gr. Skipulag hafnarsvæðis og leyfi til mannvirkjagerðar.

□ [Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnar. Hafnarstjórn gerir tillögu um skipulag hafnarsvæðis til skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar að höfðu samráði við [Vegagerðina]<sup>1)</sup> um gerð þess. Viðkomandi sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi fyrir nýjum hafnarmannvirkjum.]<sup>2)</sup>

□ Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæði nema með sampykki viðkomandi hafnarstjórnar. Ef leyfi til mannvirkjagerðar er eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 25. gr. <sup>2)</sup> L. 28/2007, 1. gr.

##### ■ 6. gr. Lágmarkskröfur um hafnarmannvirki, slysavarnir og staðfesting á fjármögnum.

□ Öll mannvirkjagerð í höfnum skal vera í samræmi við gildandi skipulag fyrir viðkomandi sveitarfélag. [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> skal fylgjast með að við hönnun og byggingu hafnarmannvirka sé fylgt að minnsta kosti lágmarkskröfum um styrkleika mannvirkja og öryggi notenda hafnanna. Hafnir skulu tilkynna [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> um fyrirhugaðar framkvæmdir og leggja fyrir stofnunina gögn um gerð mannvirkjanna til sampykktar áður en framkvæmdir eru hafnar. [Samgöngustofu]<sup>1)</sup> er heimilt að veita einstökum höfnum undanþágu frá þessu byggingareftirliti, enda geti þær sýnt fram á að starfsmenn þeirra hafi yfir nægri tæknipekkingu að ráða og fyrir hendi sé vel skilgreint innra eftirlit. Hafnir sem njóta opinberra framlaga til framkvæmda skulu að auki leggja fram staðfesta fjármögnum fyrirhugaðra framkvæmda til sampykktar [Vegagerðarinnar].<sup>1)</sup> [Ráðherra]<sup>2)</sup> getur sett reglugerð<sup>3)</sup> er kveður á um lágmarkskröfur um hafnarmannvirki að fenginni tillögu [Samgöngustofu].<sup>1)</sup>

□ Ráðherra skal setja reglur um slysavarnir í höfnum.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 25. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 237. gr. <sup>3)</sup> Rg. 326/2004, sbr. 584/2012.

##### ■ 7. gr. Ábyrgð eiganda hafnarmannvirkja.

□ Eigandi hafnar er ábyrgur fyrir því að mannvirkji, búnaður

og rekstur hafnarinnar sé ætíð í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Hafnarstjórn er heimilt að nema brott á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirkir í sjó fram sem hætta stafar af ef eigandi sinnir ekki tilmaelum um úrbætur innan eðlilegs tímafrests.

### III. kaffi. Rekstrarform og upplýsingaskylda hafna.

#### ■ 8. gr. Rekstrarform hafna.

Höfn má reka sem:

1. Höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags.
2. Höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.
3. Hlutafélag, hvort sem það er í eigu opinberra aðila eða ekki, einkahlutafélag, sameignarfélag eða sem einkaaðila í sjálfstæðum rekstri. Hafnir sem reknar eru samkvæmt þessum tölulið teljast ekki til opinbers rekstrar.

[4. Höfn í eigu íslenska ríkisins.]<sup>1)</sup>

[Höfn skv. 4. tölul. 1. mgr. skal eingöngu byggð og rekin til að tryggja reglubundnar samgöngur milli tveggja eða fleiri áfangastaða. Skal hún byggð og rekin fyrir framlög úr ríkisjóði eins og þau eru ákvæðin í fjárlögum hverju sinni. Um stjórnun, rekstur og starfsemi hafna fer að öðru leyti samkvæmt sérlögum.]

Íslenska ríkinu er heimilt að eiga og reka nauðsynleg mannvirkir vegna ferja. Þar sem mannvirkir vegna ferja tengist annarri hafnarstarfsemi getur ríkið gert samkomulag við eiganda viðkomandi hafnar um uppbryggingu og rekstur.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L 119/2014, 2. gr.

#### ■ 9. gr. Upplýsingar um hafnir.

Hafnir skulu á hverjum tíma miðla upplýsingum um lengd, breidd og djúpristu þeirra skipa sem þær geta tek-ið á móti. [Samgöngustofa]<sup>1)</sup> skal starfrækja gagnagrunn á heimasiðu sinni þar sem þessar upplýsingar koma fram.

[Höfn sem nýtur ríkisstyrks er skyld að senda endurskoð-aða ársreikninga sína árlega til ...]<sup>2)</sup> Vegagerðarinnar sem og aðrar upplýsingar sem [stofnunin kann]<sup>2)</sup> að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar. Öðrum höfnum er skyld að veita Samgöngustofu og Vegagerðinni þær upplýsingar sem stofn-anirnar óska eftir og snerta rekstur hafnanna, enda séu þær nauðsynlegar vegna eftirlitshlutverks þeirra samkvæmt lög-unum.]<sup>1)</sup> Þá er höfn skyld að veita [Samgöngustofu og Vega-gerðinni]<sup>1)</sup> upplýsingar um farþega og vörumagn sem um höfnina fer.

[Hafnir skulu birta gjaldskrár sínar með skýrum og að-gengilegum hætti, svo sem á netinu. Höfnum sem reknar eru skv. 1. og 2. tölul. 8. gr. er heimilt að birta gjaldskrár sínar í B-deild Stjórnartíðinda.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L 59/2013, 25. gr. <sup>2)</sup> L 119/2014, 3. gr. <sup>3)</sup> L 28/2007, 2. gr.

### IV. kaffi. Höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags.

#### ■ 10. gr. Stjórnun, rekstur og starfsemi hafna.

Höfn samkvæmt kafla þessum skal rekin sem sérstakur málaflokkur undir stjórn sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem höfnin er. Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að kjósa sérstaka hafnarnefnd.

Hafnir samkvæmt þessum kafla hafa starfsemi hafna í samræmi við 5. tölul. 3. gr.

#### ■ 11. gr. Gjöld.

Höfn samkvæmt kafla þessum er heimilt að innheimta gjöld skv. 17. gr. ....<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L 88/2010, 1. gr.

#### ■ 12. gr. Breyting á rekstrarformi.

Sveitarstjórn getur ákvæðið að breyta skuli rekstrarformi hafnar í höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags, sbr. 2.

tölul. 8. gr., eða í felag, sbr. 3. tölul. 8. gr., og skal þá taka mið af hagrænu verðmæti hafnarmanvirkja, sbr. 1. mgr. 18. gr.

### V. kaffi. Höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.

#### ■ 13. gr. Stjórnun og rekstur.

Höfn samkvæmt kafla þessum skal rekin sem opinbert fyrirtæki með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags. Sérstakar hafnarstjórnir, sem kosnar eru af sveitarstjórn, skulu hafa á hendi stjórn hafna og hafnarsjóða í samræmi við reglugerð skv. 4. gr. Séu eigendur fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt reglugerð og stofnsamningi hafnar. Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans.

Hafnarstjórn skal innan valdsviðs síns gæta hagsmuna hafnar. Hafnarstjórn ber ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á rekstri og viðhaldi hafnar.

#### ■ 14. gr. Hafnasamlög.

Eigendur hafna geta myndað hafnasamlög um rekstur þeirra. Leggja skal fyrir ráðherra tillögur að stofnsamningi, skipulagi og nýtingu landsvæða og mannvirkja og rökstuðning fyrir að hafnasamlagið hafi rekstrarhagræði í för með sér. Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum eigenda þeirra hafna sem vilja mynda hafnasamlag, reglugerð fyrir það, sbr. ákvæði 4. gr. Að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla um hafnasamlög þar sem við á. Hafnir á byggðasvæðum sem rétt eiga á ríkisstyrk samkvæmt við-miðunum 24. gr. halda þeim rétti sínum í fimm ár frá því að sameining tekur gildi þrátt fyrir að hafnirnar falli undir hafnasamlag sem er yfir þessum sömu viðmiðunarmörkum. Þetta gildir einnig um sömu hafnir ef þær verða hluti af öðrum hafnarsjóði við sameiningu sveitarfélaga. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um þetta atriði.

[Eigendur hafna geta gert samning um samrekstur ein-stakra þátta í starfsemi hafna.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L 119/2014, 4. gr.

#### ■ 15. gr. Starfsemi hafna.

Höfn samkvæmt kafla þessum hefur starfsemi hafna í sam-ræmi við 5. tölul. 3. gr.

#### ■ 16. gr. Skattskylda, rekstur og endurskoðun.

Tekjum og eignum hafnar sem rekin er skv. 1. og 2. tölul. 8. gr. má einungis verja í págu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum af hafnarmanvirkjum. Eigendur hafnar bera ábyrgð á skuldbindingum hafnar-sjóðs.

#### ■ 17. gr. Gjöld.

[Stjórn hafnar skv. 2. tölul. 8. gr. skal semja gjaldskrá fyrir höfn þar sem nánar er kveðið á um innheimtu gjalda samkvæmt pessari grein. Miða skal við að gjaldtaka standi undir rekstri hafnarinnar, sbr. 5. tölul. 3. gr., þ.m.t. fjármagnskostnaði, afskriftum, kostnaði við endurnýjun hafnarinnar og stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun hafnarinnar.]<sup>1)</sup>

[Í gjaldskrá er heimilt að ákvæða eftirtaln gjöld].<sup>1)</sup>

1. Hafnargjald sem nánar sundurliðast á eftirfarandi hátt:

a. Skipajöld sem skiptast í bryggjugjöld og lestargjöld og eru lögð á skip og báta er nota viðkomandi höfn og miðast við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta að-stöðu.

b. [Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfnum.]<sup>1)</sup>

c. Hafnsögugjöld og gjöld fyrir þjónustu hafnarbáta.

d. Leigugjald fyrir svæði til lestunar og losunar á vörum.

[e. Aflagjald af sjávarafurðum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfnum. Sé gjaldið innheimt skal það vera minnst 1,25% og mest 3% af heildaraflaverðmæti. Þó skal gjaldið vera minnst 0,70% af heildaraflaverðmæti frystra sjávarafurða. Sjávarafurðir eru sjávaraffi, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla.]<sup>1)</sup> Hafnargjald samkvæmt þessum tölulið skal standa undir kostnaði við að byggja, reka, viðhaldha og endurnýjun viðlegumannvirki, dýppanir og legu í höfn, aðstöðu við bryggjur og á hafnarbakka, hafnarbáta og hafnsögu þar sem það á við. Skipstjóra, útgerðarmanni og eiganda skips ber að greiða til hafnar gjöld [skv. a-, c-, d- og e-lið]<sup>1)</sup> en móttakandi vöru sem kemur til hafnar og sendandi vöru sem flutt er úr höfn greiða gjöld skv. b-lið. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal farmflytjandi sjá um innheimtu á gjöldum skv. b-lið hjá sendanda og móttakanda, eftir því sem við á, og standa höfn skil á þeim.

[f. Gjald fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs og farmleifa frá skipum. Gjaldtakan tekur til allra skipa sem koma til hafnar, að undanskildum fiskiskipum, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskipum, hjálparskipum í flota, skipum sem þjónusta fiskeldi og skipum í ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera, sbr. 11. gr. og 11. gr. a – 11. gr. d laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004. Skylt er að innheimta gjald samkvæmt þessum tölulið. Gjald fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs skal standa undir kostnaði við aðstöðu fyrir móttöku úrgangs frá skipum, kostnaði við meðhöndlun og förgun úrgangs frá skipum sem og kostnaði við eftirlit Umhverfisstofnunar. Við ákvörðun fjárhæðar gjalds skal tekið mið, eftir því sem við á, af fjölda skipverja og farþega um borð, lengd sjóferðar og stærð skips.

Prátt fyrir ákvæði 1. málsl. 2. mgr. er höfnum skyld að innheimta gjöld sem skulu standa undir kostnaði við móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs og farmleifa frá skipum sem og eftirliti Umhverfisstofnunar með aðstöðunnini, sbr. 11. gr. og 11. gr. a – 11. gr. d laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004].<sup>2)</sup>

2. Farþegagjald og gjald fyrir bifreiðar sem ekið er um borð eða frá borði í ferju og skal gjald þetta standa straum af kostnaði við uppbryggingu á aðstöðu og búnaði fyrir farþega og bifreiðar, sem og kostnaði við rekstur og viðhald.

3. [Geymslugjald fyrir geymslu vöru og gáma á hafnarsvæði, hvort sem er innan húss eða utan, og skal gjald þetta standa straum af kostnaði við uppbryggingu, viðhald, endurnýjun og rekstur á geymsluáðstöðunni].<sup>3)</sup>

4. Leigugjald fyrir afnot af mannvirkjum eða tækjum hafnarinnar, þ.m.t. upptökumannvirkjum og löndunarkrönum. Gjaldið skal standa undir kostnaði við uppbryggingu, rekstur, viðhald og endurnýjun mannvirkjanna.

5. Leyfisgjald fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 5. gr. Gjaldið skal standa straum af undirbúningskostnaði veittra leyfa.

6. Lóðargjald og lóðarleigu fyrir leigu á svæðum innan hafnarinnar.

7. Festargjald sem nota skal til að greiða kostnað við festarþjónustu sem höfnin veitir.

8. Gjöld fyrir endursölu á vatni og rafmagni og kostnaði er því fylgir.

9. Sorpgjöld sem skulu standa straum af kostnaði við

sorpirðu frá skipum og fyrirtækjum á hafnarsvæði, sem og eyðingu sorpsins.

10. Vigtar- og skráningargjald sem skal standa straum af kostnaði við rekstur, viðhald og endurnýjun hafnarvogar.

11. Umsýslugjald til þess að standa straum af kostnaði við umsýslu og yfirstjórn, t.d. laun og skrifstofuhald. Heimilt er að láta umsýslugjaldið samkvæmt þessum tölulið vera innifalið í gjaltdöku skv. 1.–10. tölul. með sérstöku álagi á viðkomandi gjald.]<sup>4)</sup>

□ [Gjaldtaka hafna skv. 2.–10. tölul. 2. mgr. skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt sameiginlegum kostnaði, eftir því sem við á.]<sup>1)</sup>

□ Nú á annar aðili en hafnarsjóður viðlegumannvirki innan hafnarsvæðis og skal þá semja um hversu hátt gjald skal greiða til hafnar til þess að standa straum af sameiginlegum rekstri hennar.

□ Höfn er heimilt að gera langtímasamning við notendur um gjöld skv. [1. og 2. tölul. 2. mgr.]<sup>1)</sup> fyrir afnot af bryggjum.

□ [Notendur hafnar geta krafíð hafnarstjórn upplýsinga um afkomu hafnar og um almennar forsendur gjaltdöku samkvæmt gjaldskrá.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2010, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 60/2014, 8. gr. <sup>3)</sup> L. 145/2007, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 28/2007, 4. gr.

### ■ 18. gr. Breyting á rekstrarformi.

□ Sveitarstjórn getur ákveidið að breyta skuli rekstrarformi hafnar í félag skv. 3. tölul. 8. gr. og skal þá taka mið af hagrænu verðmæti hafnarmanvirkið við eignfærslu þeirra í efnahagsreikning félagsins. Hafi viðkomandi mannvirki notið ríkisframlags skal leita samþykks ráðherra fyrir framsali þeirra.

□ Höfn getur samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar orðið að höfn án sérstakrar hafnarstjórnar eigu sveitarfélags, sbr. 1. tölul. 8. gr.

□ Rekstrarformi hafnar skal breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarrafang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir.<sup>1)</sup> Sveitarstjórn er þó heimilt með samþykki [ráðherra]<sup>2)</sup> að veita aukið fjármagn til hafnar til þess að bæta einginfárstöðu hennar.

<sup>1)</sup> Kemur til framkvæmda 1. jan. 2016 skv. brbákv. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 237. gr.

### VI. kaffi. Höfn sem telst ekki til opinbers reksturs.

#### ■ 19. gr. Stjórn og rekstur.

□ Rekstrarform hafnar samkvæmt þessum kafla fer eftir ákvæðum 3. tölul. 8. gr. Stjórnir hlutafélaga og einkahlutafélaga fara með valdsvið hafnarstjórn. Höfn sem rekin er skv. 3. tölul. 8. gr. er aðeins heimilt að greiða arð til eigenda sinna eftir að fé hefur verið lagt til hliðar í fullnægjandi viðhald og endurnýjun hafnarinnar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð hennar sem sett er skv. 4. gr.

#### ■ 20. gr. Starfsheimildir og gjöld vegna reksturs hafnar.

□ Höfn sem rekin er skv. 3. tölul. 8. gr. hefur starfsheimildir án takmarkana.

□ [Gjaldtaka hafnar samkvæmt þessum kafla skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar, stofnkostnaði og kostnaði við viðhald hennar, auk þess sem heimilt er að taka tillit til arðsemi á endurmetnu eigin fé. Notendur hafnar geta krafíð hafnarstjórn upplýsinga um kostnað sem almennt hlýst af að veita viðkomandi þjónustu og eðlilega sundurliðun gjalda.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 28/2007, 5. gr.

## VII. kafli. Móttökuskylda hafnar.

### ■ 21. gr. Móttökuskylda og ábyrgð eigenda skipa.

□ [Samgöngustofa útnefnir skipaafgrep hér á landi í áætlunum að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu Íslands, að undangenginni málsméðferð skv. 2. mgr.]<sup>1)</sup>

□ [Skylt er að taka á móti skipum í höfn eftir því sem rými og aðstaða leyfir. Hafnarstjórn er þó heimilt að synja skipi um aðgang að höfn ef mönnum og umhverfi er talin stafa hætta af komu þess til hafnar. Höfn, sem telst [skipaafgrep]<sup>1)</sup> í samræmi við áætlun um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu Íslands, sem [Samgöngustofa]<sup>2)</sup> gerir að höfðu samráði við viðkomandi höfn, Landhelgisgæslu Íslands og Umhverfisstofnun, er skylt að taka á móti skipum í sjávarháská eftir því sem nánar er kveðið á um í áætluninni. Ráðherra getur sett nánari ákvæði um áætlunina og [skipaafgrep]<sup>1)</sup> í reglugerð.<sup>3)</sup>

□ Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á skipum vegna vanefnda á skipagjöldum án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms og án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda.

□ Höfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu skipagalda og fyrir kostnaði við að fjarlægja og/eða farga skipi séu taldar verulegar líkur á að það lendi í reiðileysi innan hafnar.

□ Eigandi eða umráðamaður skips, báts, flutningstækja á landi eða annars búnaðar á hafnarvæði ber ábyrgð á að viðkomandi eign sé ávallt í lagi og valdi ekki óþrifnaði og/eða hætta á hafnarvæðinu. Verði um slíkt að ræða, að mati hafnar, getur hún fyrirskipað að úrbætur skuli gerðar innan ákveðins frests. Sínni eigandi eða umráðamaður ekki slískum fyrirmælum er höfn heimilt að láta fjarlægja hlutinn á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns og færa hann í vörlur viðkomandi eða selja hlut á nauðungaruppboði án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda eða umráðamanns.

□ Höfn skal birta auglysingu um uppboð skv. [5. mgr.]<sup>1)</sup> með mest fjögurra víkna og minnst víku fyrirvara í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt. Jafnframt skal höfn tilkynna eiganda eða umráðamanni bréflega um fyrirhugað uppboð og hvar og hvenær það fer fram. Það stendur ekki í vegi fyrir nauðungarsölu þótt tilkynningu verði ekki við komið vegna þess að eigandi eða umráðamaður er ekki þekktur eða finnst ekki. Skipagjöld sem njóta lögveðsréttar greiðast af söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir kostnaði við nauðungarsölu. Um úthlutun söluandvirðis og framkvæmd uppboðs fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um nauðungarsölu eftir því sem við á.

□ Vitji eigandi eða umráðamaður ekki þess sem afgangur er við nauðungarsölu skv. [5. mgr.]<sup>1)</sup> eða ráðstöfun skv. [6. mgr.]<sup>1)</sup> innan árs frá sölu eða ráðstöfunardegi rennur andvirði í ríkissjóð.<sup>4)</sup>

□ [Lóðarleigugjöld á hafnarvæði sem er staðfest í aðalskipulagi eru tryggð með lögveði í viðkomandi fasteign. Það veð gengur í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á fasteign vegna vanefnda á lóðarleigugjöldum án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms og án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2014, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 59/2013, 25. gr. <sup>3)</sup> Rg. 80/2013. Rg. 614/2014. <sup>4)</sup> L. 28/2007, 6. gr.

## VIII. kafli. Framlög ríkisins til hafnamála og fram-

### kvæmdir í höfnum.

### ■ 22. gr. Frumrannsóknir.

□ Ríkissjóður greiðir allt að fullu kostnað við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.<sup>1)</sup> [Vegagerðin]<sup>2)</sup> skal hafa umsjón með frumrannsóknum sem kostaðar eru af ríkissjóði og hafa samráð við viðkomandi hafnarstjórn þar sem við á.

<sup>1)</sup> Rg. 326/2004, sbr. 584/2012. <sup>2)</sup> L. 59/2013, 25. gr.

### ■ 23. gr. Samgönguáætlun.

□ [Vegagerðin]<sup>1)</sup> vinnur tillögu að áætlun um hafnarframkvæmdir með kostnaðarþáttöku ríkissjóðs, sbr. lög nr. 71/2002, um samgönguáætlun.

□ [Við undirbúning þessarar tillögugerðar ber Vegagerðinni að hafa samráð við viðkomandi hafnarstjórn.]<sup>1)</sup>

□ [Við tillögugerð og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat er taki mið af mikilvægi hafnarmannvirkis fyrir samgöngukerfi landsins, fyrir almannahagsmuní á viðkomandi stað og hagkvæmni framkvæmdir. Öheimilt er að styrkja með framlagi úr ríkissjóði framkvæmdir sem geta raskað samkeppni milli hafna eða hafnir sem eru ætlaðar til afnota fyrir einstaka aðila í flutningastarfsemi samkvæmt ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 25. gr. <sup>2)</sup> L. 119/2014, 6. gr.

### ■ 24. gr. Ríkisstyrktar framkvæmdir.

□ [Heimilt er að veita framlög úr ríkissjóði til verkefna á svíði hafnargerðar skv. 2. mgr. Greiðsluþáttaka ríkissjóðs tekur mið af fjárhagslegri getu viðkomandi hafnarjóðs til að standa undir kostnaði vegna nauðsynlegra hafnarframkvæmda, en verður þó aldrei meiri en greint er í 2. mgr. Skilyrði fyrir úthlutun styrkja úr ríkissjóði til framkvæmda er að um sé að ræða framkvæmd sem hefur mikla þýðingu fyrir almannahagsmuní á viðkomandi stað, viðkomandi höfn hafi skilað jákvæðum rekstrarafgangi að teknu tilliti til vaxta eða hafi nýtt kosti sína til tekjuflunar með eðlilegum hætti og framlag ríkissjóðs raski ekki ótilhlýðilega samkeppni milli hafna samkvæmt ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið.

□ Ríkissjóði er heimilt að styrkja:

a. Endurbyggingu og endurbætur á skjólgörðum og dýpkun þar sem reglulegrar viðhaldsdýpkunar er þörf. Greiðsluþáttaka ríkissjóðs skal vera allt að 85%.

b. Endurbyggingu og endurbætur á bryggjum og niður rif hafnarmannvirkja sem þarf að fjarlægja vegna slysaþættu sem af þeim stafar. Greiðsluþáttaka ríkissjóðs skal vera allt að 75%.

c. Nýframkvæmd við bryggjugerð, skjólgarð, aðrar brimvarnir og dýpkun í innsigliingu og innan hafnar, enn fremur stofnkostnað við hafnsögubáta á stöðum þar sem aðstæður í höfn og nágrenni hennar kalla á slíkt öryggistæki og innsigliingarmerki, svo og löndunarkrana og hafnarvogir. Greiðsluþáttaka ríkissjóðs skal vera allt að 60%. Heimild þessi tekur ekki til framkvæmda í þágu einstakra fyrirtækja þar sem gerður er sérstakur afnotasamningur til lengri tíma.

d. Aðgerðir eiganda hafnar sem miða að því að hætta eða draga úr hefðbundnum hafnarrekstri. Greiðsluþáttaka ríkissjóðs getur samkvæmt sérstöku samkomulagi numið allt að 60% af neikvæðu eigin fé hafnar.

e. Aðgerðir hafnarjóða vegna fyrirhugaðrar sameiningar. Greiðsluþáttaka ríkissjóðs skal ákvæðin samkvæmt samkomulagi milli viðkomandi hafnarjóða annars vegar og ríkisins hins vegar.

□ Heimilt er að veita viðbótarframlag úr ríkissjóði til lítilla hafnarþjóða innan skilgreinds byggðakorts, samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA, með tekjur undir 40 millj. kr. og þar sem verðmæti meðalafla síðustu ára er undir 1.000 millj. kr. Viðbótarframlagið getur orðið allt að 15%. Þó má heildarframlag ríkissjóðs aldrei vera meira en 90%.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2014, 7. gr.

### ■ 25. gr. Umsóknir um ríkisframlög.

□ [Umsóknir um framlög úr ríkissjóði skulu sendar Vegagerðinni. Með umsókn skal leggja fram upplýsingar um viðkomandi framkvæmd, viðskiptaáætlun verkefnisins, mikilvægi þess fyrir almannahagsmuni, rekstrarafkomu hafnar, fjármögnun og annað það sem máli getur skipt. Vegagerðin getur óskað eftir frekari upplýsingum eða gögnum telji hún bess þörf. Stofnunin vinnur úr umsónum og tekur þær fyrir við endurskoðun samgönguáætlunar, sbr. 23. gr.]

□ Áður en umsókn um framlög úr ríkissjóði er tekin fyrir skal Vegagerðin staðfesta að höfn hafi nýtt alla kosti sína til tekjuöflunar með eðlilegum hætti svo að framlagið raski ekki ótilhlýðilega samkeppni við aðrar hafnir. Staðfesting þessi skal m.a. byggjast á samanburði við gjaldtöku annarra samþætilegra hafna.

□ Greiðsluþáttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum er ákveðin af Alþingi í fjárlögum og tekin til endurskoðunar á tveggja ára fresti við endurskoðun samgönguáætlunar að því marki sem verkefni rúmast innan fjárheimilda í fjárlögum. Allar hafnarframkvæmdir sem njóta greiðsluþáttöku úr ríkissjóði skulu vera á svæðum sem eru í eigu hafnar eða sveitarfélaga. Hafnarmannvirki sem hlotið hafa styrk úr ríkissjóði skulu vera opin almennri skipaumferð eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum, hafnarreglugerð viðkomandi hafnar og öðrum reglum sem um aðgengi að höfnum gilda. Í reglugerð skal kveðið nánar á um þau skilyrði sem höfn skal uppfylla til þess að teljast styrkhæf samkvæmt ákvæðum 24. gr.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um skilyrði sem hafnar þurfa að uppfylla til þess að njóta framlags ríkissjóðs til endurbóta og nýframkvæmda].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2014, 8. gr.

### ■ 26. gr. Hafnarþotasjóður.

□ Hafnarþotasjóður er eign ríkisins og fer [Vegagerðin]<sup>1)</sup> með stjórn sjóðsins í umboði [ráðherra].<sup>2)</sup> Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. Hlutverk A-deilda sjóðsins er að fjármagna hlut ríkisins í ríkisstyrktum framkvæmdum en B-deilda að fjármagna tjónaviðgerðir, sbr. 3. tölul. 3. mgr.

□ Tekjur Hafnarþotasjóðs eru tekjur af starfsemi sjóðsins og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

□ Hafnarþotasjóði er heimilt að taka lán vegna starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. [Vegagerðin]<sup>1)</sup> ráðstafar fé Hafnarþotasjóðs ...<sup>1)</sup> með samþykki ráðherra á eftirgreindan hátt:

1. Fjármagnar framkvæmdir ríkisins samkvæmt samgönguáætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

2. Hafnarþotasjóði er heimilt að starfrækja þróunardeild hafna samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnu sérstöku fjárfamlagi samkvæmt samþykkt Alþingis. Markmið þróunardeildarinnar er að styðja minni hafnir á landsbyggðinni sem eru mikilvægar fyrir byggðarlagið og atvinnuupþbyggingu þess.

3. Hafnarþotasjóði er heimilt að bæta tjón á hafnarmann-virkjum sem eru styrkhæf skv. a-lið og [c-lið 2. mgr. 24. gr.],<sup>3)</sup> þ.m.t. tjón sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði eða vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.

□ [Vegagerðin]<sup>1)</sup> annast vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnarþotasjóðs. Láanasýsla ríkisins veitir sjóðnum aðstoð við oflun lánsfjárr.

□ Heimilt er með samþykki ráðherra að fela lánastofnun umsýslu lána sjóðsins.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 25. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 237. gr. <sup>3)</sup> L. 119/2014, 9. gr.

### IX. kaffli. Kæruheimild.

#### ■ 27. gr. Kæruheimild.

□ Notendum hafna er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórn samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til [Samgöngustofu].<sup>1)</sup>

□ Ákvörðunum [Samgöngustofu og Vegagerðarinnar]<sup>1)</sup> samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim má skjóta til [ráðherra].<sup>2)</sup> Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

<sup>1)</sup> L. 59/2013, 25. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 237. gr.

### X. kaffli. Viðurlög, gildistaka o.fl.

#### ■ 28. gr. Refsingar.

□ Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

#### ■ 29. gr. Breytingar á verðlagi.

□ Allar verðmætaviðmiðanir samkvæmt lögum þessum skulu taka sömu breytingum á milli ára og vísalta neysluverðs frá gildistíma laganna.

#### ■ 30. gr. Innleiðing.

□ Lög þessi fela í sér innleiðingu ákvæða 4. gr. og 7.–10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB, um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum, sem vísað er til í tölul. 56i í V. kafla XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2001 frá 19. júní 2001].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 60/2014, 9. gr.

#### ■ 31. gr.<sup>1)</sup> Gildistaka o.fl.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. . .

□ Allar hafnir skulu leitast við að taka ákvörðun um rekstrarform fyrir 1. júlí 2003, en þá taka ný rekstrarform hafna samkvæmt lögum þessum gildi.

□ Sé engin ákvörðun tekin um rekstrarform hafnar fyrir 1. júlí 2003 skal rekstrarform hennar vera höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags. Við breytingu númerandi hafnarforms frá höfn með hafnarstjórn í höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags skal sveitarstjórn taka við stjórn hafnarinnar og ábyrgð á rekstri hennar.

□ B-deild Hafnarþotasjóðs skv. 26. gr. skal yfirtaka númerandi eignir sjóðsins við gildistöku laganna.

<sup>1)</sup> L. 60/2014, 9. gr.

■ Ákvæði til bráðabirgða. [Ákvæði 1. málsl. 3. mgr. 18. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2016].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2014, 10. gr.